Innviðaráðuneytið
b.t. Aðalsteins Þorsteinssonar

**Efni: Kvartanir vegna stjórnsýslu Kópavogsbæjar**

Í framhaldi kvartana bæjarfulltrúa minnihlutans í Kópavogi 26. september og 9. desember á liðnu ári og ítrekunar hinn 10. september sl. kalla undirritaðar, bæjarráðsfulltrúar minnihlutans, eftir viðbrögðum innviðaráðuneytisins.

Í ljósi skyldu ráðuneytisins til lögmætiseftirlits leituðum við álits þess á því hvort nánar tilgreint verklag og vinnubrögð bæjarstjóra og meirihluta bæjarstjórnar Kópavogs samræmdist lögum og verklagi sem sem fara ber eftir hjá framkvæmdarvaldinu á sveitarstjórnarstigi. Í niðurlagi erindis okkar 26. september 2023 segir: *„Fulltrúallýðræðið virkar heldur ekki ef minnihlutinn fær ekki notið þeirra áhrifa sem kjósendur mega búast við. Leggja þarf áherslu á að framkvæmdastjórar sveitarfélaga skynji sig hafa skyldur gagnvart kjörnum fulltrúum í fjölskipuðu stjórnvaldi hvort sem fulltrúarnir teljast til meirihluta eða minnihluta. Álit ráðuneytisins í þessu máli, og umfjöllun um hvort skerpa þurfi á lagaákvæðum, verklagi og verkferlum, getur haft mikið gildi fyrir sveitarstjórnarstigið og þá opinberu réttarvernd sem borgarar landsins eiga að njóta.“*

Tvær mikilvægustu skyldur bæjarstjórnar lúta að gerð og undirbúningi fjárhagsáætlunar og uppgjörinu sem felst í ársreikningi. Eins og eftirfarandi bókanir um meðferð ársreiknings og fjárhagsáætlunar Kópavogs bera með sér hafa vinnubrögð í þessum málum sem öðrum síst breyst til hins betra. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og óskir minnihlutafulltrúa um að skilyrðum laga um samstarf sé fylgt er sú almenna lýsing sem fram kemur í erindi okkar frá 26. september 2023 óbreytt

**Afgreiðsla ársreiknings 2023 á fundi bæjarstjórnar 14. maí 2024.**

> **Bókun minnihluta**
> *Bæjarráð ber ábyrgð á fjármálastjórn bæjarins ásamt bæjarstjóra og saman mynda þessir aðilar stjórn Kópavogsbæjar. Bæjarráði ber að sjá um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu. Því til viðbótar hefur bæjarráð eftirlit með stjórnsýslu bæjarins, þar sem allir starfsmenn lúta boðvaldi bæjarstjóra. Meginháætta í rekstri sveitarfélaga felst í ófullnægjandi eftirliti og áhættu á sviksemi og mistökum. Þrátt fyrir hlutverk bæjarráðs áttu endurskoðendur bæjarins enga fundi með bæjarráði. Bæjarstjórn fékk aðeins klukkustundar kynningu frá endurskoðendum fyrir fyrri umræðu í bæjarstjórn. Endurskoðunarskýrsla þeirra er bundin trúnaði samkvæmt ráðningarbréfi og því ótæk til umræðu.*
>
> *Bæjarstjóra ber að sjá til þess að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum og að fundir bæjarráðs séu vel undirbúnir og mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Undirrituð geta ekki sætt sig við að lýðræðislega kjörnir fulltrúar í minnihluta í*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

*Kópavogi séu sniðgengnir. Við greiðum því atkvæði gegn ársreikningi Kópavogsbæjar fyrir árið 2023.*

**Bókun meirihluta**

*Vinna við ársreikninginn var með hefðbundnum hætti, lögum samkvæmt og unninn út frá alþjóðlegum stöðlum um reikningsskil. Áritun endurskoðanda er fyrirvaralaus. Bæjarfulltrúum hefur ávallt staðið til boða aðgangur að endurskoðendum reikningsins og starfsmönnum fjármálasviðs Kópavogsbæjar.*

**Afgreiðsla fjárhagsáætlunar sem bæjarstóri lagði fram drög að í bæjarráði 31. október.**

**Bókun minnihluta**

*Samkvæmt sveitarstjórnarlögum á að leggja tillögu að fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn ekki síðar en 1. nóvember en enginn bæjarstjórnarfundur er á dagskrá fyrr en 12. nóvember. Samkvæmt lögunum á bæjarráð í heild sinni að semja drög að fjárhagsáætlun. Minnihlutanum hefur enginn kostur verið gefinn á umræðu um forsendur og forgangsröðun í fjárhagsáætlun, hvað þá að koma á framfæri áherslum og athugasemdum. Fulltrúar minnihlutans í bæjarráði fengu alls engar upplýsingar um undirbúning eða forsendur. Rekstrarkostnaður bæjarsjóðs í frumvarpinu er óbreyttur frá þessu ári. Þó liggur fyrir að útgjöld til allra málaflokka hafa hækkað á bilinu frá 4% í 28%. Hvernig niðurstöðutölur eru fengnar vekur spurningar. Undirritaðar fordæma að fulltrúum nærfellt helmings kjósenda í Kópavogi sé haldið frá því að sinna skyldu sinni. Í því ljósi kemur ekki annað til álita en að greiða atkvæði gegn fjárhagsáætlun ársins 2025 eins og hún er lögð fyrir.*

**Bókun meirihluta**

*Skv. 62 grein sveitarstjórnarlaga skal bæjarráð leggja fram tillögu um fjárhagsáætlun eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. desember.*

*Varðandi almennan rekstrarkostnaðar þá liggur munurinn í að hlutdeildarfélög eru ekki kominn inn í fjárhagsáætlun á árinu 2025 þar sem áætlanir bárust of seint.*

*Í upphafi kjörtímabilsins sagði minnihlutinn sig frá sameiginlegri fjárhagsáætlunarvinnu. Frá þeim tíma hefur engin ósk borist frá minnihlutanum um að taka aftur þátt í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.*

**Bókun minnihluta**

*Bæjarráð á samkvæmt lögum og bæjarmálasamþykkt að leggja fram til bæjarstjórnar tillögu að fjárhagsáætlun og fylgja henni eftir á fundi bæjarstjórnar eigi síðar en 1. nóvember. Sú tillaga á að vera unnin af bæjarráðinu í heild. Það lýsir skýrt afstöðu núverandi meirihluta að engin umræða hefur átt sér stað innan bæjarráðs og ekki getur verið skýrara en í þessu máli að réttur minnihlutans til áhrifa er að engu virtur. Það er á ábyrgð bæjarstjóra að tryggja undirbúning mála þannig að Kópavogsbær standi undir skyldum sínum lögum samkvæmt þar með skyldunni til að gefa öllum fulltrúum í bæjarráði tækifæri til að koma að sjónarmiðum og tillögum við undirbúning fjárhagsáætlunar. Bæjarstjóri hefði átt að leggja fyrir bæjarráð tillögur*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

*um verklag og dagsetningar við undirbúning fjárhagsáætlunar til að gefa færi á rökræðu um forgangsröðun á vel skipulögðum bæjarráðsfundum.*

*Við blasir að tillaga meirihlutans er frá hans sjónarhóli tillaga bæjarráðs án umræðu eða undirbúnings. Við afgreiðslu fyrstu fjárhagsáætlunar þessa meirihluta var sú skýring gefin á samráðsleysi við minnihlutann, að ekki hefði gefist tími til þess en úr yrði bætt á næsta ári. Það gerðist ekki í fyrra og nú tekur steininn úr. Minnihlutinn fær engar upplýsingar fyrr en allt er komið á eindaga og sá dagur upp runninn sem ræða á málið í bæjarstjórn. Engar forsendur eru til þess að bæjarráð í heild geti afgreitt málið frá sér.*

**Bókun meirihluta**
*Skv. 62 grein sveitarstjórnarlaga stendur orðrétt: „Byggðarráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, leggur tillögu um fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. desember."*
*Afgreiðsla á fárhagsáætlun er í samræmi við tímalínu annarra sveitarfélaga enda verið að fylgja ákvæðum sveitarstjórnarlaga.*

**Bókun minnihluta**
*Bæjarstjórn er fjölskipað stjórnvald sem verður að eiga umræður og afgreiða mál á formlegum fundum. Það er skylda bæjarráðsins að sjá til þess að bæjarstjórn geti rætt tillögu að fjárhagsáætlun eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarráð, sem fær mál ekki til umræðu fyrr en á eindaga, getur ekki sent málið til bæjarstjórnar.*

Þeir Kópavogsbúar sem greiddu framboðum minnihlutans atkvæði eiga rétt á áhrifum og eftirliti lögum samkvæmt. Því miður hefur okkur ekki ekki auðnast að fylgja því eftir fyrir þeirra hönd og þurfum til þess atbeina ráðuneytisins.

Kópavogi 4. nóvember 2024

Bergljót Kristinsdóttir

Helga Jónsdóttir

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir

Theodóra S. Þorsteinsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026